

Um notkun nemendahesta í náminu

Nemendahross

Í námskeiðum þar sem nemandinn skaffar hross þurfa þau að samþykkjast af kennara námskeiðsins. Á meðan hrossið er notað í náminu ber að fylgja fyrirmælum kennara viðkomandi námskeiðs varðandi þjálfun og aðra meðhöndlun.

Í fyrsta tíma hvers námskeiðs eiga nemendahestar að mæta á járnum og í þjálfun. Þeir eiga að vera í góðu fóðurástandi, þ.e. holdastig 3-3.5. Ef hesturinn er óhæfur til kennslu er það talið fjarvíst nemandans, enda getur nemandinn ekki tekið þátt í kennslunni.

Öll valkvæð meðhöndlun hestsins sem nudd, hnykkingar o.a. verður að fara fram utan kennslustundar og má ekki hafa áhrif á mætingu eða þáttöku nemandans í kennslu.

Ekki er heimilt að fara með hestana af staðnum, taka þátt í keppni eða öðrum verkefnum án samráðs við umsjónarkennara. Sama gildir um utanaðkomandi afskipti eða aðstoð á staðnum.

Ætlast er til að hestarnir séu þjálfaðir innan skólatíma nema í samráði við kennara viðkomandi námskeiðs.

Varahestar og skipti

Í sumum námskeiðum er mælt með að vera með varahest. Varahestur sem er samþykktur af umsjónarkennara má nota í hans stað ef nemendahesturinn forfallast tímabundið.

Ef nemendahesturinn forfallast og getur ekki nýst í lokaprófi má nemandinn koma með varahest, en skal nemandinn sannanlega hafa þjálfað prófshestinn sjálfur í a.m.k mánuð fyrir lokapróf.

Ef nemendahesturinn forfallast innan við mánuð fyrir lokapróf getur nemandinn fengið tilboð um skólahest út námskeiðið. Leitast er við að finna hest af sviðuðum gæðum og nemendahesturinn sem forfallaðist, þó er það ekki alltaf hægt. Þetta gildir ekki um námskeiðin ÞJK I og ÞJK II.

Nemandinn má skipta um hest eftir að námskeiðið er hafið ef umsjónarkennari námskeiðsins telur hestinn af betri gæðum og/eða henta nemandanum betur í náminu ásamt því að skipti hafi ekki truflandi áhrif á framvindu námsins.

Lánshestar

Ef einstakir nemendahestar eru ekki í eigu nemendanna sjálfra, skal eigandi hestsins undirrita staðfestingu á að nemandinn hafi hestinn út námstímabilið. Notast á við þetta eyðublað og skila til umsjónarkennara í upphafi námskeiðsins:

https://www.holar.is/static/files/Hestafræðideild/Hestakostur/stadfesting_a_hestlani-1-.docx

Annað

Tryggingar: Ath. að skólinn tekur enga ábyrgð á nemendahestunum og nemendum er í sjálfsvald sett hvort þeir tryggja sína hesta.